



## 17. fundur Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar haldinn miðvikudaginn 27.04.2016 klukkan 12:00.

**Mætt voru:** Jósteynn Hermundsson, Ari Sigfús Úlfsson, Aðalbjörn Arnarsson, Karl Ásberg Steinsson, Oddur Skúlason og Elías Pétursson sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna, setti fundinn og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

### Dagskrá fundar:

#### 1. Byggingaleyfisumsókn – Austurvegur 6 – breyting viðbyggingu

Sótt er um leyfi til að breyta viðbyggingu að Austurvegi 6 (neðri hæð) og sólpalli í samræmi við framlögð drög að teikningum. Á fundi þann 01.04.2016 bókaði nefndin að hún tæki ekki afstöðu til erindisins fyrr en að aflokinni grenndarkynningu og að grennd teldist vera Austurvegur 2, 4, 8, 10 og Miðholti 1 til 7.

Umsækjandi hefur nú lagt fram gögn vegna grenndarkynningar.

#### **Bókun:**

Nefndin samþykkir fyrir sitt leiti erindið og leggur til að sveitarstjórn feli byggingarfulltrúa útgáfu leyfis þegar fullnægjandi gögn liggja fyrir.

Samþykkt samhljóða.

#### 2. Byggingaleyfisumsókn – Hafnarvegur 2-6 - brunahólfun

Sótt er um byggingarleyfi vegna fyrirhugaðra breytinga innanhúss í verksmiðju Ísfélagsins að Hafnarvegi 2-6. Breytingarnar snúa að brunahólfun og fela í sér uppsetningu á brunahólfandi vegg á milli mjölgeymslu og verksmiðju í samræmi við framlögð gögn.

#### **Bókun:**

Nefndin samþykkir fyrir sitt leiti erindið og leggur til að sveitarstjórn feli byggingarfulltrúa útgáfu byggingarleyfis þegar fullnægjandi gögn liggja fyrir.

Samþykkt samhljóða.

#### 3. Hreinsunardagur í Langanesbyggð

Umræður fóru fram, ákveðið var að hreinsunardagur yrði á laugardegi í maí, nákvæm dagsetning verði ákveðin með hliðsjón af veðurspá, auglýsing sett á heimasíðu og dreifibréf sent. Sveitarstjóra falið að ræða við forsvarmenn íbúasamtaka Bakkafjarðar um dagsetningu á hreinsunardegi þar.

Samþykkt samhljóða.

#### 4. Timburhaugar við steypustöð Þórshöfn

Málið rætt, nefndin er sammála um að mikil lýti séu af timburhaugnum og mikil nauðsyn að hann verði fjarlægður. Sveitarstjóra falið að ræða við Íslenska Gámafélagið (ÍG) og fá þeirra afstöðu til málsins. Skoðun sveitarfélagsins er að ÍG beri að fjarlægja



## LANGANESBYGGÐ

hauginn umfram það sem bæst hefur á hann undanfarið. Sveitarstjóri mun senda nefndinni viðbrögð ÍG og tillögu að næstu skrefum.

### **5. Önnur mál**

Umræður fóru fram um sorpmál, rætt var um nauðsyn þess að koma úrgangsmálum á hreint til lengri tíma.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og fundi slitið kl. 13.00.